

Nr. 122 / 09 Stefnir ÍS 28***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1451
Smíðaður: Noregi 1976, stál
Stærð: 431 brl. 668 bt.
Mesta lengd: 49,85 m Skráð lengd: 44,93 m
Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,6 m
Vél: MaK 1310 kW, 1976
Fjöldi skipverja: 13



Stefnir©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. október 2009 var Stefnir ÍS 28 á togveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: ANA 8-12 m/sek. og sjólítið.

Tveir skipverjar voru byrjaðir að splæsa vír og búnir að snúa ofan af honum með vindu splæsingabekksins. Þegar þeir voru búnir að snúa átta hringi og voru byrjaðir að splæsa ætluðu þeir að setja bremsuna á en þá snérist ofan af vindunni með þeim afleiðingum að melspíran í vindunni slóst í vinstri hendi annars þeirra. Ákveðið var að sigla með slasaða til hafnar á Patreksfirði en hann var m.a. brotinn við kjúku á þumalfingri.

Við rannsókn kom fram:

- að vinnan er á þolinmóð í legu. Á þolinmóðinn er rafsoðinn tannkrans, upphaflega tekinn úr 10 til 15 mm plötustáli, en hann og splitti úr sama efni er fest á undirstöðuna. Þessir tveir hlutir eru bremsa vindunnar. Framan við tannkransinn er kringlótt plata rafsoðin lóðrétt á þolinmóðinn. Á plötuna eru rafsoðnir þrír teinar (handföng) sem deilt er með 1/3 ummáls hennar. Framan á plötuna er rafsoðinn stór keðjulás og er vírin festur í lásinn með því að melspíru er fyrst stungið í gegnum annað augað og svo í gegnum miðjan vírin og síðan í hitt augað;

- að sögn skipverja voru þeir búnir að snúa átta hringi ofan af vírnum þegar slysið varð. Slasaði sagði að þeir hafi byrjað vitlaust splæsið og þurft að byrja að nýju;
- að sögn skipstjóra hefur splæsingabekkurinn verið lítið notaður þar sem allur búnaður kemur tilbúinn um borð. Það er því ekki nein þörf á því að splæsa um borð nema ef eitthvað bilar eða slitnar. Vindan og bremsan voru í slæmu ástandi, splittið ryðgað nánast fast og þurftu skipverjarnir að ýta því niður í tennurnar. Einnig var kjögun komin í splittið svo það gat gengið (farið) til hliðar við tannkransinn. Ekki er vitað hvort splittið fór ekki nógu langt niður í tannkransinn eða til hliðar;
- að slasaði sagðist aldrei hafa splæst í þessum bekk þó hafi hann verið á skipinu í tvö ár. Hann taldi sig hinsvegar kunna að splæsa en vantaði alla æfingu;
- að þegar bremsa vindunnar er í lagi á pallið að falla niður í hverja tönn á tannkransinum þegar henni er snúið. Þannig fer vindan alltaf strax í bremsu þó menn sleppi eða missi af handföngunum;
- að strax eftir að skipið kom í heimahöfn voru gerðar endurbætur á bekknum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var lélegt ástand á splæsingabekkknum.